

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Austurhlíð, lóð 1, L194930.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Austurhlíðar, lóðar 1. Í breytingunni felst að lóðir innan svæðisins hafa verið hnitsettar og lagfærðar. Mörkum á lóðum 1 og 2 er breytt lítillega í takt við nýja hnitsetningu auk þess sem gerð er lítilsháttar breyting á byggingarreitum. Kvöð er sett um aðkomu að lóð 2 í gegnum lóð 1. Samþykkt í sveitarstjórn 21. júní 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 20. september 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 4. október 2023